BURÐARVIRKI, ALMENNAR REGLUR.

1. STAÐLAR OG ÁLAG

ÍST 12	: ÁLAGSFORSENDUR VIÐ HÖNNUN MANNVIRKJA
ÍST 13	: JARÐSKJÁLFTAR, ÁLAG OG HÖNNUNARREGLUR.
DS-409 OG DS-410	: ÖRYGGI OG ÁLAG
DS 411	: STEINSTEYPUVIRKI
DS 412	: STÁLVIRKI
DS 413	: TIMBURVIRKI
ÍST-15 / DS-415	: GRUNDUN

GRUNNGILDI SNJÓÁLAGS	: 1,0 KN/m²
GRUNNGILDI VINDÁLAGS	: 1,5 KN/m²
NOTÁLAG FYRIR GÓLF	: 1,5 KN/m² eða 2,5 KN/m²
NOTÁLAG FYRIR STIGA	: 3,0 KN/m²
NOTÁLAG FYRIR SVALIR	: 4,0 KN/m²
NOTÁLAG FYRIR ÞAKPLÖTU	: 1,0 KN/m²
LÉTTIR SKILVEGGIR	: 1,0 KN/m²

2. STEINSTEYPA

ÖLL VINNA OG EFNI S.K.V ÍST 10 OG BYGGINGARREGLUGERÐ

2.1 BROTÞOLSFLOKKUN

BROTÞOLSFLOKKUR STEINSTEYPU SEM NAUÐSYNLEGUR ER Í HVERJUM BYGGINGAHLUTA ER TILGREINDUR Á VIÐEIGANDI TEIKNINGUM.
BROTÞOLSFLOKKARNIR ERU SKILGREINDIR Í ÍST 10 OG TÁKNAÐIR S80-S450, ÞAR SEM TALAN TÁKNAR TILSKILIÐ BROTÞOL 15×30 cm SÍVALINGA.

2.2 SAMSETNING

FYLLIEFNI STEYPUNNAR, Þ.E MÖL OG SANDUR, SKULU UPPFYLLA KRÖFUR BYGGINGARREGLUGERÐAR ER VARÐAR VIRKNI FYRIR ALKALÍ - KÍSIL EFNABREYTINGUM.
SÁLDURFERILL FYLLIEFNA SKAL AÐ JAFNAÐI LIGGJA INNAN MARKA SEM SÝND ERU Á Rb BLAÐI Rb. Ep. 002.
REIKNA MÁ MEÐ AÐ STÆRSTU MALARKORNIN MEGI VERA ALLT AÐ 32mm.
Í ÞÉTT BENTUM BITUM EÐA GRÖNNUM BURÐARHLUTUM VERÐUR HÁMARKS-KORNASTÆRÐ ÞÓ MINNI OG ER HÚN ÞÁ GEFIN UPP Á TEIKNINGUM.
ÖLL STEYPA SEM VERÐUR FYRIR ÁHRIFUM FROSTS SKAL VERA LOFT-BLENDIN OG SKAL LOFTMAGNIÐ VERA 5.5%+-0,5 MÆLT Á BYGGINGASTAÐ MEÐ RÚMMÁLSAÐFERÐ RÉTT ÁÐUR EN STEYPAN ER LÖGÐ Í MÓT.
SEMENTSMAGN SKAL VERA A.M.K. 300 kg/m3.
HLUTFALL MILLI PUNGA VATNS OG SEMENTS SKAL ALDREI FARA YFIR 0.55 Þ.E. V/S < 0.55 Í UTANHÚSSTEYPU.
EIGI STEYPAN AÐ ÞOLA MIKLA VEÐRUN SKAL STEYPAN UPPFYLLA KRÖFUR SEM SKILGREINDAR ERU Á SKÝRINGABLAÐI STEINSTEYPA MEÐ SÉRSTÖKUM EIGINLEIKUM UNDIR KAFLA 1.
DÆMI UM SLÍKT ERU SVALIR; ÞAKKANTAR, TRÖPPUR, SKJÓLVEGGIR O.FL.
NOTKUN ÍBLÖNDUNAREFNA ERU HÁÐ SAMÞYKKI HÖNNUÐA.
ALLA STEYPU SKAL TITRA, EINNIG STEYPU SEM HEFUR VERIÐ GERÐ FLJÓTANDI.

2.3 STEYPUHULA YFIR JÁRNUM

SKAL VERA EINSOG EFTIRFARANDI TAFLA SÝNIR :

VEÐRUN STAÐSETNING	STYRKLEIKAFLOKKUR STEYPU					
	S200 OG LÆGRA		S250-S350		S400 OG HÆRRA	
	a	b	a	b	a	b
LÍTIL VEÐRUN OG MENGUN INNANHÚSS	20	15	15	15	15	15
TÖLUVERÐ VEÐRUN UTANH. EÐA Í MIKLUM RAKA INNANH. STEYPA Í JÖRÐU ÁN MENGUNAR	30	25	25	20	20	15
VERULEG VEÐR UN OG MENGUN	40	35	35	30	30	20
Í SJÁVARBORÐI EÐA ÞAR SEM SALT ER NOTAÐ Á STEYPU.	50	45	45	40	40	35

a: BITAR OG STOÐIR
b: PLÖTUR OG VEGGIR

LEYFILEGFRÁVIK NIÐUR Á VIÐ ERÐ 5mm

3. BENDISTÁL

ÖLL VINNA OG EFNI S.K.V ÍST 10 OG BYGGINGARREGLUGERÐ

3.1 SKILGREININGAR OG TÁKN

BENDISTÁL ER TÁKNAÐ Á EFTIRFARANDI HÁTT. SLÉTT STÁL MERKT R8, R10 O.S. FRV. KAMBSTÁL, MERKT K8, K10, O.S. FRV. TENTORSTÁL, MERKT T8, T10 O.S. FRV. TÖLURNAR TÁKNA ÞVERMÁL JÁRNA Í mm.
SUÐUHÆFT KAMBSTÁL ER MERKT K8s. K10s O.S.FRV.

Í PLÖTUTEIKNINGUM TÁKNAR:

- - - - - - - JÁRN Í EFRI BRÚN PLÖTU
——— JÁRN Í NEÐRI BRÚN PLÖTU
| K10 c/c 320 AÐ K10 JÁRN LEGGIST MEÐ 32cm MILLIBILI YFIR ÞAÐ SVÆÐI SEM GRANNA STRIKIÐ SPANNAR.
—·—·— AÐ HÉR BEYGJIST ANNAÐ HVERT JÁRN Í EFRI BRÚN PLÖTU.
JÁRN Í SÖMU ÁTT OG PÍLAN LIGGJA NÆST BRÚN PLÖTU.

SKEYTILENGD JÁRNA Í PLÖTU SÉ EKKI MINNA EN 40 × ÞVERMÁL JÁRNS NEMA ANNAÐ SÉ SÝNT Á TEIKNINGUM.
BEYGJUSKÍFA FYRIR UPPBEYGJU Á LANGJÁRNUM, Í BITUM, SÚLUM OG PLÖTUM SVO OG GERÐ KRÓKA OG HAKA Á LANGJÁRNUM SKAL VERA EINS OG SÝNT ER HÉR AÐ NEÐAN.
ÓFANGREINDAR REGLUR UM STÆRÐIR Á BEYGJUSKÍFUM GILDA, NEMA ANNAÐ SÉ TEKIÐ FRAM Á TEIKNINGUM
BEYGJUSKÍFA FYRIR LYKKJUR SKAL AÐ JAFNAÐI HAFA ÞVERMÁL SEM EKKI ER MINNA EN GEFIÐ ER UPP Í EFTIRFARANDI TÖFLU.



ÞVERMÁL STANGAR mm	STÁLTEGUND		
	SLÉTT STÁL D mm	KAMBSTÁL D mm	TENTORSTÁL D mm
4,5,6	24	24	24
7,8,9	24	32	48
10	24	48	48
12	24	64	128
16	24	128	128

BEYGJUÞVERMÁL MÁ ÞÓ ALDREI VERA MINNI EN ÞAU GILDI SEM FRAMLEIÐENDUR TAKA ÁBYRGÐ Á.

FRÁGANGUR JÁRNA ÞAR SEM VEGGIR MÆTAST :



LÁMARKSFJARLÆGÐIR



EINNIG SKAL FJARLÆGÐ MILLI JÁRNA VERA STÆRRI EN HÁMARKSKORNASTÆRÐ + 5 mm

4. SÉRST. SKÝRINGAR

4.1 STEINSTEYPA

UM NIÐURLAGNINGU STEYPU OG FRÁGANG UM-FRAM ÞAÐ SEM HÉR RÆÐIR VÍSAST Í ÍST-10

STEYPA Í ÞRIFALÖGUM SÉ S160
STEYPA Í UNDIRSTÖÐUM SÉ S200
STEYPA Í BOTNPLÖTUM SÉ S200

4.2 BENDISTÁL

STEYPUSTYRKTARSTÁL ER ST 37, RÚNJÁRN TÁKN-AÐ R, KS40 KAMBSTÁL TÁKNAÐ K OG KS 40 SUÐUHÆFT KAMBSTÁL TÁKNAÐ MEÐ S AÐ AUKI.
KRINGUM ÖLL OP KOMI 2K12 NEMA ANNAÐ KOMI FRAM, ÖLL JÁRN GANGI ÁFRAM Í GEGNUM STEYPU-SKIL A.M.K. JAFN LANGT OG 40 SINNUM ÞVERMÁL JÁRNA.

4.3 TÁKN

5 / 802 — NÚMER Á SNIÐI / TEIKNING SEM SNIÐ ER SÝNT Á

Mkv 1:20 / 5 / 803 — MÆLIKVARÐI / NÚMER Á SNIÐI EÐA DEILI / NÚMER Á ÞEIRRI TEIKNINGU SEM SNIÐ ER TEKIÐ AF.

HÆÐARKVÓTI Á BURÐARVIRKI Í SNIÐI.

HÆÐARKVÓTI Á BURÐARVIRKI Á GRUNNMYND

5. GRUNDUN

FYLLING UNDIR SÖKKLA:

MESTA ÁLAG Á FYLLINGU ER 0.3 MN/m².
GRUNNUR FYLLIST MEÐ FROSTFRÍRI GRÚS, EÐA ÖÐRU VIÐURKENNDU EFNI SEM ÞJAPPIST MEÐ 5 TONNA VÍBRÓVALTARA Í 40 cm LÖGUM. LÁGMARKSFJÖLDI YFIRFERÐA ERU 6 SKIPTI.
KRÖFUR UM FYLLINGU ERU AÐ E2>100 MPa OG E2/E1<2,5.
FYLLINGAREFNIÐ SKAL EKKI HAFA MEIRA EN 3% (MIÐAÐ VIÐ ÞYNGD ALLS EFNISINS) AF KORNUM SEM ERU MINNI EN 0,02 mm.
ENGINN STEINN Í FYLLINGAREFNINU MÁ VERA STÆRRI EN 1/3 AF LAGÞYKKT VIÐ ÞJÖPPUN.

FYLLING SKAL VERA FROSTFRÍ GRÚS.
ÞJAPPA SKAL MEÐ 100 Kg VÍBRÓPLÖTU Í 20 cm LÖGUM. LÁGMARKSFJÖLDI YFIRFERÐA SKAL VERA 4 SKIPTI.
VIÐ ÞJÖPPUN MÁ HÆÐARMUNUR FYLLINGAR SITT HVORU MEGIN VEGGJAR ALDREI VERA MEIRI EN 500mm.
UNDIR EINANGRUN SKAL VERA 5 cm JÖFNUNARLAG.

6. TRÉVIRKI

TIMBUR :

ALLIR BURÐARVIÐIR SKULU UPPFYLLA TIMBURFLOKK K 18 OG LÍMTRÉ L 40

ÞAKJÁRN :

ÞAKJÁRNIÐ NEGLIST MEÐ SNÚNUM SAUM 55×66 MEÐ ÞÉTTIHRING EÐA MEÐ KAMBSAUMI 37×61 MEÐ ÞÉTTIHRINGI.
NEGLA SKAL Í ÁÐRA HVERJA HÁBÁRU MEÐ c/c 750 Á MEGINHLUTA ÞAKS. Á ÚTBRÚNUM ÞAKS SKULU NEGLDAR 2 NAGLARÆÐIR MEÐ c/c 150 Í ÁÐRA HVERJA HÁBÁRU.
AÐ ÖÐRU LEITI SKAL GANGA FRÁ ÞAKJÁRNI SAMKVÆMT RB-blöðum NR (47) 102 OG 103.

Byggingafulltrúi Hafnarfjarðar
Afgreitt þann
18 SEPT. 1998
Sigurbjartur Halldórsson

Teikn. nr.	Tilvísun á teikningu	Br.	Dags.	Eðli breytingar	Samþ
Hannað SH	Teiknað SH	Samþykkt aðalhönnuðar			

- Arnar J. Magnússon, lagnir og loftræsing.
- Ríkharður Oddsson, aðaluppdrættir og skipulag.
- Sigurður Hafsteinsson, burðarvirki og lagnir.

VEKTOR
- hönnun og ráðgjöf -
Nýbýlavegi 6, 200 Kópavogi.

Samþykkt

Sigurður Hafsteinsson
byggingatæknifræðingur
Kt. 030859-7749
sími: 554-6650 fax: 554-6669.

KJÓAHRAUN 9, HAFNARFIRÐI

BURÐARVIRKI:SKÝRINGAR

Dagsetning	Verk nr.	Teikn. nr.	Mælikvarði
ágúst 1998		B-01	